

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 6. maí
- 9. liður; samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla

Sóley Tómasdóttir: Hin bókunin er svo vegna 9. liðar borgarráðs frá 6. maí sl. og hljóðar svo með leyfi forseta:

Borgarfulltrúar Vinstri grænna sjá ekki ástæðu til stofnunar sérstakra ungbarnaleikskóla og enn síður að þeim sé ætlað að vera einkareknir. Leikskólar borgarinnar eru vel í stakk búnir til að taka á móti yngri börnum, húsnæðið er hannað með þarfir þeirra í huga og menntun leikskólakennara er einnig miðuð að yngstu börnunum. Að sama skapi er með öllu óásættanlegt að einkaskólum sé heimilt að rukka hærri skólagjöld en borgarreknunum, en í samningunum er gert ráð fyrir að gjaldskrá ungbarnaleikskóla geti verið allt að 115% hærri en borgarrekinn og að gjaldskrá einkarekinna leikskóla fyrir eldri börn megi vera allt að 15% hærri en hinna borgarreknun. Þetta hlýtur að leiða af sér mismunun barna eftir efnahag foreldra sem getur ekki verið réttlætanleg undir neinum kringumstæðum.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur gert grein fyrir bókunum er snerta 1. lið ársreikning Reykjavíkurborgar og 5. lið sem er samningur við sjálfstætt starfandi leikskóla. Þá hefur óskað eftir að taka til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 6. maí
- 9. liður; samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla

Ólafur F. Magnússon: Forseti ég kveð mér hljóðs vegna 9. liðar fundargerðar borgarráðs frá 6. maí er varðar sjálfstætt starfandi leikskóla. [Frammícall: Var ekki umræðu lokið?] Nei, henni var ekki lokið.

Forseti: Umræðu var lokið um þennan lið.

Ólafur F. Magnússon: Vildir þú þá gefa mér undanþágu til að mæla nokkur orð? Ég tók ekki eftir að henni væri slitið.

Forseti: Gott og vel, 2 mínútur.

Ólafur F. Magnússon: Vegna þess að ég get bara ekki orða bundist. Vinstri grænir hér í borgarstjórn og á landsvísu, þau standa ekki vörð um það að eigur almennings séu yfirteknar eða seldar til einkaaðila, þar sem eigur þjóðarinnar eða borgarinnar komast í hendur einkaaðila. Mér finnst þau mættu hins vegar standa þessa vakt betur á sama tíma og ég verð ekki var við annað en að þeir túlki sjálfstæða starfsemi yfirhöfuð verktakaþjónustu þar sem að fólk er að selja út sín verk og sína vinnu með þeim hætti að mér finnst þar vera um að ræða hreina óvild. Og þó að það komi þessu máli ekkert við þá nefni ég það sem dæmi: Að núverandi heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, hefur staðið svo smekklega að málum að hún er búin að segja upp samningum við 20 heimilislækna hér í borginni og það er verið að segja upp samningum. Þegar þið iðkið sósíalismann af þessu tagi þá get ég ekki annað en brugðist við því að þetta er ekkert í ætt við félagshyggju að lumbra á allri sjálfstæðri starfsemi á sama tíma og þið standið ekki vörð um eigur og hagsmuni almennings.

Forseti: Ég gaf borgarfulltrúanum tök á því að segja álit sitt á þessum samningi. Ég gaf borgarfulltrúanum orðið í tilefni þess að hann óskaði eftir að tjá sig sérstaklega um þennan lið, en fór vissulega út frá því. En þar sem að borgarfulltrúinn gerði það, að þá hef ég ákveðið að líka að gefa öðrum tækifæri á því að tala um þetta mál. Eru einhverjir sem vilja ræða málið. Til máls tekur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 6. maí
- 9. liður; samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég verð nú að segja alveg eins og er að ég náði nú ekki alveg hvað borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon var að fara nema að ég heyrði að hann fór fremur niðrandi orðum um Vinstri græna í tengingu við sölu á einkafyrirtækjum heyrðist mér hann segja. Það er væntanlega í tengslum við þessa umræðu um einkaskóla og borgarskóla. [Frammícall] Nei, ég vildi bara koma hingað til að furða mig á því að þegar að búið er að ljúka hér umræðu skuli borgarfulltrúi Ólafi F. Magnússyni leyfast að koma hér upp og koma með óskýrar svívirðingar í garð okkar Vinstri grænna. Mér finnst þetta bara furðuleg málsmeðferð og ég geri athugasemd við hana.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu og þá er umræðu um þennan lið lokið. Og ég ítreka óskir mínar um það að bókanir vegna ársreiknings. Til máls tekur borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir.

[Sjá neðan við 1. mál]

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu og gert grein fyrir bókun B og D-lista varðandi ársreikning Reykjavíkurborgar. Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir óskað eftir að taka til máls og gerir grein fyrir bókun varðandi 5. liðinn, sem er samningur við sjálfstætt starfandi leikskóla.

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 6. maí
- 9. liður; samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég geri grein fyrir bókun B og D undir 5. lið varðandi samþykkt borgarráðs hún hljómar svo:

Ungbarnaleikskólar hafa verið starfræktir í borginni í tugi ára af sjálfstætt starfandi rekstraraðilum, m.a. leikskólinn Lundur og leikskólar Félagsstofnunar stúdenta. Þeir hafa núna fengið skilgreiningu skv. samningi en áður var óljóst hvaða samningum þeir tilheyrðu. Þetta er valkostur sem margir foreldrar velja sér eftir að fæðingarorlofi sleppir og mikilvægt að hann sé skilgreindur til að tryggja jafnan rétt milli rekstraraðila og fyrir foreldra og börn. Áfram er stefnt að því að bjóða yngri börnum vistun á leikskólum borgarinnar. Í sumum hverfum eru mjög ung börn, um eins árs gömul, að komast inn á leikskóla borgarinnar og er það vel. Gjaldskrá ungbarnaleikskólanna er byggð á þeirri forsendu að um sé að ræða valkost við þjónustu dagforeldra enda er ekki greitt með börnum nema að þriggja ára aldri og verð þjónustunnar þannig sambærilegt þjónustu dagforeldra.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir hefur gert grein fyrir bókun varðandi 5. lið sem er samningur við sjálfstætt starfandi leikskóla. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og gerir grein fyrir bókun.

[Sjá neðan við 1. mál]

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun vegna 1. liðar ársreiknings Reykjavíkurborgar. Fleira er ekki á dagskrá þessa fundar. En forseti vill geta þess að næsti fundur sem er jafnframt síðasti fundur borgarstjórnar á þessu kjörtímabili verður þriðjudaginn 1. júní klukkan 14:00 hér í þessum ágæta borgarstjórnarsal. En fundi borgarstjórnar er slitið kl. 18:12.